



425. Stjórnarfundur haldinn 6. feb. 2014 kl:17:30

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Sveinn Adolfsson (SA) og Bjarney S. Snævarsdóttir (BS).
Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI) og Guðjón Axelsson (GA) fjarverandi.

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá knattspyrnudeild v/ áskorun aðalfundar knattspyrnudeildar v/ aðkomu aðalstjórnar að uppbyggingu kvennaknattspyrnu með fjárhagslegum hætti. **Móttekið.**

3. Send bréf.

Engin.

4. Aðalfundir deilda og félagsins.

EH sagði frá því að búið væri að auglýsa aðalfund félagsins á heimasíðu Keflavíkur, en hann er 24 febrúar kl.20:00. Farið var yfir gátlista. Aðalfundur körfunnar er í kvöld, en aðrir fundir afstaðnir. Tveir nýir formenn komu til starfa í fimleikum og taekwondó en Gunnlaugur Kárason er formaður fimleikadeildar og Sigurbjörg Jónasdóttir formaður taekwondodeildar.

5. Önnur mál.

EH sagði frá því að boðað yrði til fundar í næstu viku með framtíðarnefnd og formönnum deilda til að fara yfir framtíðarsýn félagsins til næstu tíu ára. Huga þarf að námskeiði í skyndihjálp og Nora. Fundur hjá UMFÍ með starfsfólki skrifstofunnar og framkvæmdastjórum aðildarfélaga á morgun. Þorrablót Keflavíkur var glæsilegt og félaginu til sóma. Rúmlega sexhundrað manns sóttu blótið.

Næsti fundur er á fimmtudaginn 20. Febrúar kl. 17:30 2014.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:00

Fundinn ritaði EH

